

L Ö G

127

9. des.

um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þó að 50 ár eða meira séu liðin frá dauða rithöfundar, má ekki birta rit hans breytt að efni, meðferð eða málblæ, ef breytingunum er svo háttað, að menning eða tunga þjóðarinnar bíði tjón af. Eigi má heldur sleppa kafla úr riti, nema þess sé greinilega getið í útgáfunni.

2. gr.

Hið íslenska ríki hefur eitt rétt til þess að gefa út íslensk rit, sem samin eru fyrir 1400. Þó getur ráðuneyti það, sem fer með kennslumál, veitt öðrum leyfi til slíkrar útgáfu, og má binda leyfið því skilyrði, að fylgt sé samræmdri stafsetningu fornri.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar hefur Hið íslenska fornritafélag heimild til útgáfu fornrita.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum 100—10000 króna, og óheimil rit skulu gerð upptæk, nema brot sé smávægilegt.

4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið gætir þess, að lögum þessum sé framfylgt. Með mál út af broti á lögum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og taka fyrimæli þeirra til allra rita, sem út verða gefin eftir gildistöku þeirra.

Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

128

9. des.

um viðauka við lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 38 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 27 13. jan. 1938, um váttryggingarfélög fyrir vélbáta, skulu öðlast gildi nú þegar.